

BREYTINGIN

I

Milljón ára gömul mannlífstílaun á jarðstjörnu þessari, sem vér byggjum, hefir ekki tekist betur en það, að aldrei hefir verr horft. En þó má nú breyta um svo, að verði líkt og ef grimmdarhríð snerist á skömmum tíma upp í sólskin og voryl. Til þess að þetta geti orðið, er eitt nauðsynlegt. Byrjunaratriði að vísu, en án þeirrar byrjunar getur breytingin ekki orðið. Það þarf að þiggja mína leiðsögn. Leiðsögn manns, sem frá barnæsku hefir stefnt að því sem ævistarfi, að átta sig á tilverunni. Og þá einmitt stundað helst það, sem virtist algerlega óhagnýtilegt og í ólíklegasta lagi til fjár og frama. En árangurinn af þessu ævistarfi, sem flestum hefir þótt svo lítils um vert, er þó sá, að ég þekki tilgang lífsins og veit, hvornig lífið er eftir dauðann. Hefir enginn getað þetta með sanni sagt áður. Hefir hver til síns ágætis nokkuð. Og nú vil ég, að Íslendingar fari að hafa það gagn af þessu ævistarfi, sem má, og auðvitað einnig aðrir. Því að ekkert er mér fjær, en að vera einstrengingslega þjóðlegur, eða jafnvel eingöngu jarðlegur, ef nota mætti það orð með nokkurri von um skilning. Og skilja verða menn, að ég er að segja þeim sannleikann. Það er alveg nauðsynlegt byrjunaratriði, ef breytingin á að geta orðið. Og til þess að skilja þetta, vantar alls ekki vit, en að vísu nokkuð af góðum vilja.

II

En það sem þarf að skilja, er til dæmis þetta: Hið norræna kyn verður að vinna stafnbúastarf á siglingu jarðarskipsins, — svo að notað sé orð úr Sólarljóðum. Og Íslendingar verða að fá frændur sína, sem meir hafa fjar-

lægst samband við norræna fortíð, til þess að skilja glögg þetta hlutverk. Undir norrænu og íslensku merki verður mannkynið að sækja fram, ef sigur á að vinna.

III

Vita verður, að eftir dauðann hér leitar lífið aftur á í nýjum líkómum. Og enginn má halda, að þetta sé aðeins tilgáta. Ég er að segja ykkur það, sem ég veit þekkingu vísindamannsins. Skilji menn ekki það, þá misskilja þeir mig frá rótum. Framhald lífsins er engum vafa bundið. En hitt ekki heldur, að lífið eftir dauðann er áfram líkamlegs eðlis. Líkamalaust líf er álíka ómögulegt og gufuvél, sem væri ekkert annað en gufa. Og það er ekki um neinn annan heim að ræða eða hinum megin. Þessi heimur er vort heimkynni, eftir dauðann jafnt sem áður. Jörð af jörðu eigum vér að sækja fram í nýjum og ávallt fullkomnari líkómum. Á milljónum, billjónum, deciljónum af himinhnöttum, og þó ennþá fleiri væru til teknir, bíður vor ávalt stærra og stórkostlegra starf. Verkefni vort er alheimurinn, að gera heiminn fullkominn, alfullkominn. Guð almáttugur á að verða, því að einmitt það er tilgangur lífsins.

IV

Vilji menn þiggja þetta, sem hér er sagt, og í öðrum stöðum, þá hefst breytingin. Þá fæst samband við verur, slíkar, sem til forna, og af ónógri þekkingu þó, voru góðvættir kalladar og guðir. Þá verður líkt og létti upp hríð og sólin fari að skína. Þá mun veðurfarið breytast, og velmegun verða almenn, en hverskonar vesöld hverfa. Þá munu menn læra, að eyða ekki kröftum í ósamlyndi og illindi. Þá munu hæfileikar þeir, sem svo mjög hafa búið með hinni íslensku þjóð, en oftast niður bælst, ná að koma fram og þroskast. Íslensk forusta mun þá ná þeim krafti, sem þarf, og heimur allur fá að sjá hið sanna merki Íslands.

16. des. '27